

Nd.

567. Frumvarp til laga

[355. mál]

um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. gr.

Lög þessi taka til starfsheita og starfsréttinda þeirra heilbrigðisstétta sem sérlög gilda ekki um og heilbrigðismálaráðherra ákveður hverju sinni að fella undir lög, sbr. 2. gr.

Sé um að ræða heilbrigðisstéttir sem lokið hafa viðurkenndu námi fyrir tæknimenntað starfsfólk við lækningar skal nota orðið heilbrigðistæknir í lögum þessum sem sameiginlegt starfsheiti þeirra.

2. gr.

Rétt til þess að starfa hér á landi sem starfsmenn heilbrigðisstétta skv. lögum þessum hafa þeir einir sem lokið hafa prófi í einhverri grein heilbrigðisfræði og fengið löggildingu heilbrigðismálaráðherra að loknu námi.

Ráðherra ákveður hvaða stéttir skuli teljast til heilbrigðisstétta skv. lögum þessum. Í slíkum tilvikum setur ráðherra reglur með nánari ákvæðum um nám og menntunarskilyrði fyrir hverja stétt er hann ákveður að fella undir þessi lög að fengnum tillögum viðkomandi starfsstétta og umsögn landlæknis.

Í þeim tilvikum, þar sem um er að ræða fólk er starfað hefur í viðkomandi starfsgrein án þess að hafa tilskilda starfsmenntun, skal ætíð leita umsagnar viðkomandi starfsstétta og landlæknis áður en leyfi er veitt. Sé um að ræða menntun sótta til annarra landa er ráðherra heimilt að veita tímabundin réttindi eða gera kröfu um íslenskt ríkisfang.

3. gr.

Rétt til þess að nota hér á landi starfsheiti sem heilbrigðismálaráðherra ákveður að fella undir lög þessi, sbr. 2. gr., hafa þeir einir sem hlotið hafa til þess löggildingu heilbrigðismálaráðherra.

4. gr.

Þær stéttir, er falla undir lög þessi, starfa við heilbrigðisstofnanir, kennslustofnanir heilbrigðisstétta eða matvælastofnanir. Starfa þær ýmist á eigin ábyrgð eða undir handleiðslu og á ábyrgð læknis eða annars sérfræðings á viðkomandi sviði.

5. gr.

Óheimilt er að ráða til þeirra starfa, sem undir þessi lög heyra aðra en þá sem heilbrigðismálaráðherra hefur veitt löggildingu skv. lögum þessum og reglugerðum sem settar kunna að vera skv. þeim.

6. gr.

Um þær starfsstéttir, er falla undir lög þessi, gilda að öðru leyti og eftir því sem við á ákvæði læknalaga, nr. 80/1969, með síðari breytingum.

Reglur læknalaga gilda og um viðurlög við brotum í starfi, sviptingu löggildingar starfsréttinda og endurveitingu þeirra.

Með mál, sem kunna að rísa vegna brota á lögum þessum, skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Auk þeirra reglna, sem kveðið er á um í 2. gr., getur ráðherra sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 64/1971, um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, með síðari breytingum, að undanskildum ákvæðum um tannsmíði í lögum nr. 39/1980.

Greinargerð.

Með bréfi, dags. 28. janúar 1985, til heilbrigðis- og trygginganefndar Nd. óskaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra eftir því að nefndin flytti meðfylgjandi frumvarp á yfirstandandi þingi.

Nefndin varð sammála um að verða við þeim tilmælum en mun athuga frumvarpið betur milli umræðna.

Frumvarpinu fylgdi svohljóðandi greinargerð:

Á undanförunum árum hefur mjög færst í vöxt að hinar ýmsu heilbrigðisstéttir hafi sótt um lögverndun starfs og starfsheitis. Hefur þá ýmist verið gripið til þess ráðs að setja sérlög um hinar einstöku stéttir eða kveða á um þær í reglugerðum sem settar hafa verið með stoð í lögum nr. 64/1971, um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, þ. e. a. s. hafi verið um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir að ræða eins og röntgentækna og lyfjataækna svo að dæmi séu tekin. Samkvæmt þessu nægir reglugerð sé um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir að ræða en að öðrum kosti þarf sérlög.

Nú er augljóst að sífelld setning sérlaga um einstakar heilbrigðisstéttir gengur ekki til lengdar og reyndar er spurningin sú hvort ekki hafi þegar verið gengið of langt í þeim efnum. Það hefur lengi verið skoðun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins að nær væri að útbúa heildstæða löggjöf um heilbrigðisstéttir sem gæfi heimildir til setningar reglugerðar um hina einstöku hópa þar sem tekið yrði á sér málum þeirra, svo sem hverrar menntunar sé nauðsynlegt að krefjast, í hverju starfið skuli fólgið og þar með hver réttindi þeirra skuli vera og ekki síst hvaða skyldur þeir skuli bera. Forsenda fyrir því, að hægt sé að viðurkenna starfsstétt sem heilbrigðisstétt, hlýtur að vera sú að fyrir liggja markvisst og skipulagt nám í skóla innanlands eða utanlands sem heilbrigðisyfirvöld viðurkenna. Slíkt nám verður að miðast við ákveðna sérhæfingu vegna mikilvægis starfans svo að hann sé leystur af hendi á sem farsælastan hátt enda ábyrgð heilbrigðisstétta meiri en gerist yfirleitt vegna þess hve mistök í starfi eða vanræksla geta orðið afdrifarík.

Haustið 1982 fól þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Svavar Gestsson, Ingimari Sigurðssyni, deildarlögfræðingi í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, og Ólafi Ólafssyni landlækni að gera tillögur að frumvarpi til laga um heilbrigðisstéttir, þ. e. a. s. tillögur að rammalögum sem tækju yfir heilbrigðisstéttir almennt ekki aðeins tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, að svo miklu leyti sem ekki hefðu þegar verið sett sérlög um viðkomandi stéttir. Þeir Ingimar og Ólafur skiluðu álit í búningi frumvarps til laga um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta í septembermánuði s. l. Höfðu þeir áður leitað umsagna ýmissa heilbrigðisstétta sem ekki búa við löggildingu, svo sem Félags íslenskra læknaritara og Sjúkranuddarafélags Íslands, svo og ýmissa félaga sem njóta löggildingar,

t. d. Sjúkraliðafélags Íslands, Ljósmeðrafélags Íslands, Röntgentæknafélags Íslands, Félags íslenskra sjúkrahjálfa og Lyfjatæknafélags Íslands. Lýstu allir þessir aðilar sig ýmist sammála frumvarpsdrögunum eða höfðu engar athugasemdir fram að færa, þ. e. a. s. töldu þau í engu skerða starfssvið sitt.

Til ráðuneytisins hafa borist bæði formlega og óformlega beiðnir frá nokkrum félögum um löggildingu sem liggja í ráðuneytinu óafgreiddar þar sem ráðuneytið vill freista þess að vinna að setningu heildarlaga um heilbrigðisstéttir eins og áður hefur fram komið. Sem dæmi má nefna beiðni frá Félagi íslenskra læknafræðinga, Sjúkranuddarafélagi Íslands, Félagi matvæla- og næringarfræðinga, Félagi heyrnarfræðinga og talmeinafræðinga og frá líffræðingum starfandi í heilbrigðiskerfinu, þ. e. a. s. sem sérmenntað hafa sig eftir líffræðinám í heilbrigðisgreinum.

Hér á eftir fylgir greinargerð sem Ingimar Sigurðsson deildarlögfræðingur hefur tekið saman varðandi réttindi og skyldur heilbrigðisstétta með hliðsjón af skipan mála erlendis og hér á landi:

Réttindi og skyldur heilbrigðisstétta.

Víðast hvar erlendis hafa stjórnvöld kosið að setja sérstakar reglur um svonefndar heilbrigðisstéttir. Hafa þá gjarnan verið sett lög, svokölluð rammalög, sem heimila stjórnvöldum að kveða nánar á um hvaða starfsfólk telja skuli til heilbrigðisstétta. Slíkum reglum er ætlað að þjóna þeim tilgangi að kveða sérstaklega á um þessa hópa vegna sérstöðu starfa þeirra, ekki síst hvað snertir ábyrgð í starfi, en talið er og nú almennt viðurkennt að vankunnátta og mistök heilbrigðisstarfsfólks geti haft í för með sér alvarlegri afleiðingar en mistök annarra starfshópa yfirleitt. Margir hafa bent á að mjög óeðlilegt sé að taka fyrir einstaka starfshópa og kveða sérstaklega á um þá, þ. e. a. s. að slíkir hópar séu settir undir strangari starfsaga en aðrir. Hefur jafnvel verið haldið fram að slíkt brjóti í bága við grundvallarréttindi, þ. e. a. s. stjórnarskrárákvæði um frelsi mannsins til starfa.

Hér á landi hefur þessi leið ekki verið valin nema að takmörkuðu leyti, þ. e. a. s. eingöngu hvað snertir tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir. Í stað þess hefur verið talið nægjanlegt að binda hendur hinna einstöku starfsstétta í heilbrigðisþjónustunni með lögum sem gilda um hverja stétt, þ. e. a. s. þegar lög eru fyrir hendi sem ekki er í öllum tilvikum.

Engum blandast hugur um að störf þau, sem heilbrigðisstéttir vinna, eru vandasöm og skiptir miklu að rétt sé að þeim staðið hvað snertir kunnátta og leikni. Er ekki lengur umdeilt að slíku verði best náð með því að löggjafinn kveði sérstaklega á um ábyrgð þessara aðila. Á alþjóðlegu dómaraþingi, sem haldið var á Ítalíu 1974, var lýst yfir eindregnum stuðningi við þetta sjónarmið og stungið upp á því að reynt yrði að koma á sameiginlegum reglum sem mest í samræmi við þær reglur er gilda í Svíþjóð.

Lengi má um það deila hvaða hópa eigi að telja til heilbrigðisstétta. Nokkur mörk er hægt að setja og um margt þarf ekki að deila. Erfitt er að skýra orðið heilbrigðisstétt þar sem það nýtur ekki lögskýringar hér á landi. Hins vegar hafa íslensk lög gert ráð fyrir því að starfandi séu samtök heilbrigðisstétta eins og glögggt kemur fram í lögum um heilbrigðisþjónustu, sbr. nú lög nr. 59/1983.

Í 3. grein áður nefndra laga, þar sem kveðið er á um starfsemi landlæknis, segir m. a. að landlækni sé skylt að sinna kvörtunum eða kærnum er varða samskipti almenninga og heilbrigðisstétta. Hvað átt er við með orðinu heilbrigðisstétt er hins vegar ekki skýrt í lögnum. Þannig verður landlæknir að meta framangreint komi til slíks, þ. e. a. s. kveði ekki sérlög um einstakar stéttir á um þetta eða reglugerðir settar skv. lögnum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir. Þannig fer ekki milli mála að mjög æskilegt er að hafa ákvæði í lögum er geri ráðherra kleift að gefa út reglugerð um nánari túlkun á orðinu heilbrigðisstétt, þ. e. a. s. rammalög.

Á undanförnum árum hefur mjög færst í vöxt að hinir einstöku hópar, sem telja sig til heilbrigðisstétta, hafa farið fram á það við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið að sett verði sérstök lög um þá, þ. e. a. s. til að tryggja starfsheiti og starfsréttindi viðkomandi hópa og jafnframt að kveða á um skyldur. Sem kunnugt er hefur lengi verið skortur á fólki til hinna ýmsu starfa innan heilbrigðisþjónustunnar. Því hefur það einnig verið hagsmunamál hinna einstöku hópa að aðilar, sem skortir menntun til hinna sérhæfðu starfa, fái ekki að starfa við þau. Slíkt fæst ekki nema tryggt sé með lögum að aðeins þeir sem viðurkenndir eru sem slíkir megi vinna að viðkomandi störfum. Þannig hafa hin einstöku lög, er gilda um heilbrigðisstéttir, gengið út frá því að framangreint bann gildi um alla aðra en þá sem hafa viðurkenningu ráðherra til starfans. Ekki þarf að efast um að löggjöf sem þessi herðir mjög á öllu eftirliti með viðkomandi starfsgrein. Enn fremur veitir þetta hinum almenna borgara aukna vernd og leiðir til réttaröryggis. Rétt er að benda á að erfitt er fyrir yfirvöld, í þessu tilviki Tryggingastofnun ríkisins, að gera samninga um þátttöku í kostnaði vegna starfa hinna einstöku heilbrigðisstétta nema þær njóti réttinda og beri skyldur.

Eftir því sem næst verður komist eru þeir hópar sem tilheyra svonefndum heilbrigðisstéttum um 20 talsins. Virðist tilhneigingin vera sú að skýra orðið heilbrigðisstéttir þröngt, sérstaklega ef við miðum við hversu hóparnir eru fáir borið saman við nágrannalöndin en þar eru hóparnir helmingi fleiri. Ekki hafa allir þessir 20 hópar lögvarin réttindi þótt þar hafi mikið áunnist á undanförnum árum. Vitanlega gilda um þessa hópa lög um opinbera starfsmenn, réttindi þeirra og skyldur, sé slíku til að dreifa, jafnframt því sem þeir falla undir almenn hegningarlög vegna starfa sinna. Þannig eru þeir á engan hátt leystir undan skyldum þótt engin sérlög gildi um þá. Það er því framar öllu réttindi og lögverndun starfsheitis sem suma hópana skortir.

Hér á eftir skal reynt að gera grein fyrir réttindum og skyldum einstakra hópa, að svo miklu leyti sem löggjafinn hefur kosið að kveða á þar um.

1. Læknar.

Um réttindi þeirra og skyldur fer skv. læknaögum nr. 80/1969, ásamt síðari breytingum. Til þess að öðlast ótakmarkað lækningaleyfi hér á landi og bera titilinn læknir þarf viðkomandi að hafa lokið prófi frá læknaeild Háskóla Íslands, svo og framhaldsnámi á sjúkrahúsi eftir vissum reglum sem læknaeild setur og heilbrigðismálaráðherra staðfestir. Læknakandidatar þurfa að hafa lokið svokölluðu kandidateitnámi áður en þeir hljóta réttindi. Til þess að fá umrætt leyfi þarf að hafa meðmæli læknaeildar Háskóla Íslands og landlæknis. Hér er um sérreglur að ræða þar sem ráðherra hefur í öðrum tilvikum allt að því óskorað vald til þess að veita leyfi, að vísu að fenginni umsögn stéttarfélagis eða skóla. Munurinn er sá að ráðherra er ekki bundinn af umsögn þeirra hópa eins og hann er bundinn af meðmælum eða andmælum læknaeildar og landlæknis þegar um lækna er að ræða. Einu afskipti ráðherra eru í reynd þau að hann getur lögum skv. sett sem skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi að viðkomandi hafi gegnt starfi við heilsugæslustöð í allt að 6 mánuði. Skv. þeim reglum, sem gilda nú, er þessi skylda 4 mánuðir.

Til þess að öðlast takmarkað eða tímabundið lækningaleyfi hér á landi þarf til meðmæli landlæknis sem skal um slíkt hafa samráð við læknaeild Háskóla Íslands. Sem stendur hefur aðeins einn Íslendingur takmarkað lækningaleyfi en hann starfar sem hnykkir (kiropraktor). Tímabundin leyfi eru hins vegar oft veitt sérstaklega kandidateitum þegar þeir þurfa að gegna störfum úti í héraði.

2. Tannlæknar.

Um tannlækningar gilda lög nr. 7/1929 og eru þau komin verulega til ára sinna og þjóna á margan hátt ekki raunverulegum tilgangi lengur. Á ofanverðu ári 1973 var lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um tannlækningar og síðla þings 1983-1984 var lagt fram enn nýtt frumvarp og það endurflutt á s. l. hausti. Samkvæmt lögnum frá 1929 hefur sá rétt til þess að stunda sjálfstæðar tannlækningar sem fullnægir þeim skilyrðum að hafa lokið prófi frá tannlæknaskóla sem viðurkenndur er af heilbrigðisstjórn ríkisins. Jafnframt þarf hann að tala og skilja fullkomlega íslenska tungu og að afloknu námi að hafa verið a. m. k. 1 ár aðstoðarmaður við tannlækningar hjá viðurkenndum tannlækni hér á landi eða á annan hátt aflað sér slíkrar þekkingar og reynslu í tannlækningum að áliti heilbrigðisstjórnarinnar. Þannig er ekki skilyrði fyrir tannlæknaeyfi að Háskólinn eða landlæknir fjalli um umsóknir þótt slíkt sé gert með hliðsjón af læknaögum sem að mestu er nú farið eftir þar sem lög frá 1929 eru að mestu óraunhæf og óframkvæmanleg. Á síðari árum hefur það ekki verið gert að skilyrði að viðkomandi hafi starfað í eitt ár heldur hafa menn fengið leyfi allt að því nýkomnir frá námi. Byggist þetta ekki síst á því að skortur hefur verið á tannlæknum, ekki síst úti á landi. Enn fremur hefur reynst erfitt að koma slíkum kandidötum í stöður aðstoðarmanna tannlækna. Samkvæmt íslenskum lögum er ekki gert ráð fyrir neinu takmörkuðu leyfi handa tannlæknum.

3. Ljósmeður.

Um ljósmeður gilda lög nr. 67/1984, ljósmeðralög. Rétt til þess að kalla sig ljósmeður og stunda ljósmeðurstörf hér á landi hefur sá einn sem hefur til þess leyfi heilbrigðismálaráðherra. Viðkomandi þarf að hafa lokið prófi frá Ljósmeðraskóla Íslands eða öðru jafngildu námi erlendis að dómi ljósmeðraráðs sem ráðherra skipar. Útlendingar þurfa að hafa næga kunnáttu í töluðu og rituðu íslensku máli. Störf ljósmeðra er að annast eftirlit með barnshafandi konum og foreldrafræðslu um meðgöngu og fæðingu. Þær starfa að fæðingarhjálp og meðravernd. Ljósmeðir, sem stundar fæðingarhjálp í heimahúsum á eigin vegum, skal tilkynna það viðkomandi héraðslækni og leggja fyrir hann skilríki sín.

4. Hjúkrunarfræðingar.

Um hjúkrunarfræðinga gilda hjúkrunarlög nr. 8/1974, með breyting nr. 32/1975. Rétt til slíkra starfa hefur sá einn sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðismálaráðherra. Til þess að fá slíkt leyfi þarf viðkomandi að hafa lokið prófi í hjúkrunarfræðum frá hjúkrunarskóla hér á landi eða Háskóla Íslands. Einnig er heimilt að veita öðrum, er lokið hafa jafngildu námi erlendis, leyfi. Ekki eru gerðar neinar kröfur um það að viðkomandi stéttarfélag fjalli um umsóknir nema að því leyti að hjúkrunarráð verður að meta forsendur leyfis þeirra sem lokið hafa námi erlendis.

5. Sjúkraþjálfarar.

Um sjúkraþjálfara gilda lög nr. 58/1976. Rétt til þess að starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn sem fengið hefur til þess leyfi ráðherra og þarf hann að uppfylla þau skilyrði að vera íslenskur ríkisborgari og hafa lokið prófi við skóla sem viðurkenndur er fullkominn skóli af yfirvöldum viðkomandi lands, þ. e. a. s. þar sem nám er stundað. Ráðherra ber að leita umsagnar stjórnar námsbrautar í sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknis. Heimilt er að veita öðrum en íslenskum ríkisborgurum slík leyfi en þá skv. meðmælum áðurnefndra aðila.

6. Lyfjafræðingar.

Um lyfjafræðinga gilda lög nr. 35/1978. Rétt til að kalla sig lyfjafræðing og starfa sem slíkur hefur sá einn sem hefur fengið til þess leyfi heilbrigðismálaráðherra sem leitar umsagnar landlæknis og þeirrar deildar Háskóla Íslands þar sem lyfjafræði lyfsala er kennd. Sá einn á rétt á starfsleyfi sem hefur lokið háskólaprófi eða hliðstæðu prófi í lyfjafræði lyfsala sem metið er gilt að dómi fastráðinna kennara í lyfjafræði lyfsala við Háskóla Íslands. Enn fremur ber honum að uppfylla eftirfarandi kröfur:

1. vera íslenskur ríkisborgari; þó er hægt að víkja frá þessu;
2. vera lögráða;
3. vera heilbrigður andlega og líkamlega;
4. hafa unnið a. m. k. eitt ár við framleiðslu lyfja, tilbúning, merkingu og afgreiðslu, eða önnur lyfjafræðistörf hér á landi;
5. hafa lokið prófi í íslenskri lyfjalöggjöf ef umsækjandi hefur eigi áður lokið slíku prófi við Háskóla Íslands.

7. Aðstoðarlyfjafræðingar.

Um aðstoðarlyfjafræðinga gilda lög nr. 35/1978, um lyfjafræðinga. Rétt til þess að kalla sig aðstoðarlyfjafræðing (examinatus pharmacia) hefur sá einn sem hefur fengið til þess leyfi heilbrigðismálaráðherra. Rétturinn er bundinn við þá eina sem lokið hafa aðstoðarlyfjafræðiprófi frá Háskóla Íslands eða hliðstæðu prófi sem metið er gilt að dómi fastráðinna kennara í lyfjafræði lyfsala í Háskóla Íslands. Auk þess ber aðstoðarlyfjafræðingi að uppfylla sömu skilyrði sem greint er frá hér að ofan varðandi lyfjafræðinga.

8. Lyfsalar.

Um lyfsala gilda ákvæði laga um lyfjadreifingu, nr. 76/1982. Lyfsöluleyfi má veita einstaklingum og Háskóla Íslands. Forseti Íslands veitir einstaklingum lyfsöluleyfi en ráðherra staðfestir ráðningu forstöðumanna lyfjabúða sem reknar eru af stofnunum. Þegar einstaklingi er veitt lyfsöluleyfi skulu umsóknir lagðar fyrir þriggja manna nefnd sem skipuð er af ráðherra, þannig: einn skv. tilnefningu Lyfjafræðingafélags Íslands, einn skv. tilnefningu Apótekarafélags Íslands auk lyfjamálastjóra sem er formaður nefndarinnar. Nefndin lætur ráðherra í té umsókn um faglega hæfni þeirra umsækjanda sem eru að hennar áliti hæfastir, þó aðeins þriggja hæfustu ef umsækjendur eru fleiri en þrír. Skilyrði fyrir að fá skipun í stöðu forstöðumanns lyfjabúðar er að umsækjandi hafi starfsleyfi skv. I. kafla laga um lyfjafræðinga, nr. 35/1978, þ. e. a. s. hafi starfsréttindi sem lyfjafræðingur.

9. Félagsráðgjafar.

Um félagsráðgjafa gilda lög nr. 41/1975, um félagsráðgjöf. Þeir þurfa til leyfi heilbrigðismálaráðherra og þurfa að hafa lokið prófi frá félagsráðgjafarskóla sem viðurkenndur er af heilbrigðisyfirvöldum að fenginni umsögn stéttarfélags félagsráðgjafa.

10. Iðjubjálfar.

Um iðjubjálfa gilda lög nr. 75/1977 en rétt til þeirra starfa hefur sá einn sem til þess hefur fengið leyfi ráðherra og má eingöngu veita leyfi þeim íslenskum ríkisborgurum sem lokið hafa prófi við skóla sem viðurkenndur er sem slíkur af heilbrigðisstjórn þess lands þar sem námið er stundað. Leita skal umsagnar námsbrautar í iðjubjálfun og landlæknis áður en leyfi er veitt. Heimilt er að veita ótakmarkað og tímabundið leyfi til

annarra en þá þurfa fyrrgreindir umsagnaraðilar að mæla með veitingunni. Í ákvæðum til bráðabirgða í þessum lögum er Iðjubjálfafélagi Íslands fengið hlutverk námsbrautarinnar þar til hún hefur tekið til starfa.

11. Þroskaþjálfar.

Um þroskaþjálfna gilda lög nr. 18/1978, um þroskaþjálfna. Rétt til þess að starfa sem þroskaþjálfni og kalla sig þroskaþjálfna hefur sá einn sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðismálaráðherra. Leyfið er bundið því að viðkomandi hafi lokið prófi frá Þroskaþjálfaskóla Íslands (áður Gæslusyrstraskóli Íslands). Einnig má veita þeim leyfi sem lokið hafa hliðstæðu námi erlendis sé námið viðurkennt sem slíkt af heilbrigðisyfirvöldum þess lands þar sem námið er stundað en áður en slíkt leyfi er veitt skal leita umsagnar Félagsins Þroskaþjálfar og Þroskaþjálfaskólans. Þroskaþjálfar starfa við þjálfun, uppeldi og umönnun þroskaheftra.

12. Meinatæknar.

Um meinatækna fer skv. lögum nr. 99/1980. Þeir þurfa til leyfi heilbrigðismálaráðherra og leyfið má veita þeim sem lokið hafa prófi frá meinatæknadeild Tækniskóla Íslands. Hvað snertir nám stundað erlendis er heimilt að viðurkenna það sé það viðurkennt af heilbrigðisyfirvöldum þess lands þar sem námið er stundað. Í slíkum tilvikum ber ávallt að leita umsagnar Meinatæknafélags Íslands og meinatæknadeildar Tækniskóla Íslands. Eingöngu er heimilað að veita takmarkað og/eða tímabundið starfsleyfi í þeim tilvikum þar sem um er að ræða aðila sem voru í starfi þegar löggin öðluðust gildi en uppfylltu ekki skilyrði um menntun. Í þeim tilvikum ber ávallt að leita umsagnar Meinatæknafélagsins og slíku leyfi fylgir ekki réttur til þess að kallast meinatæknir. Meinatæknar starfa undir handleiðslu og á ábyrgð sérfræðings á viðkomandi sviði.

13. Sjóntækjafræðingar.

Um sjóntækjafræðinga gilda lög nr. 17/1984. Rétt til þess að kalla sig sjóntækjafræðing og starfa sem slíkur hefur sá einn sem til þess hefur leyfi heilbrigðismálaráðherra. Slíkt leyfi skal veita þeim íslenskum ríkisborgurum sem lokið hafa prófi frá skólum sem viðurkenndir eru sem slíkir af heilbrigðisstjórn þess lands sem námið er stundað í. Áður skal leita umsagnar prófessorsins í augnsjúkdómum við Háskóla Íslands, félags sjóntækjafræðinga og landlæknis. Heimilt er að veita þeim sem uppfylla þessi skilyrði, að öðru leyti en hvað íslenskt ríkisfang varðar, ótakmarkað eða tímabundið leyfi að fenginni umsögn áður nefndra aðila. Enn fremur getur ráðherra veitt þeim íslenskum ríkisborgurum sem eru í starfi við gildistöku laganna og hafa starfað í 5 ár samfelld ótakmarkað leyfi að fenginni umsögn sömu aðila.

Störf sjóntækjafræðinga eru að annast almenna gleraugnaþjónustu, þ. e. a. s. sölu gleraugna og vinnslu þeirra. Sjóntækjafræðingum er einungis heimilt að fullvinna eða selja sjónhjálpartæki (gleraugu og snertilinsur) að fyrir liggja tilvísun eða forskrift læknis.

14. Sjúkraliðar.

Um sjúkraliða gilda lög nr. 58/1984. Rétt til þess að starfa sem sjúkraliði og kalla sig sjúkraliða hefur sá einn sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðismálaráðherra og til þess þarf hann að hafa lokið prófi frá Sjúkraliðaskóla Íslands eða öðrum skólum hér á landi sem heilbrigðismálaráðuneytið viðurkennir. Einnig er heimilt að veita leyfi þeim sem lokið hafa hliðstæðu námi erlendis en í slíkum tilvikum þarf til umsögn Sjúkraliðafélags Íslands. Starfssvið sjúkraliða er ekki skilgreint í lögnum.

15. Röntgentæknar.

Um röntgentækna gildir reglugerð nr. 209/1971 sem sett er með stöð í lögum nr. 64/1971, um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir. Skv. reglugerðinni öðlast þeir nemendur sem lokið hafa prófi frá Röntgentæknaskóla Íslands og hlotið prófskírteini starfsheitið röntgentæknar. Hlutverk röntgentækna er að aðstoða röntgenlækna við röntgengreiningu og að framkvæma sjálfstætt sumar tegundir röntgenrannsóknna eftir fyrirmælum. Enn fremur að meta ástand sjúklinga að nokkru og aðstoða þá eftir þörfum skv. fyrirmælum.

16. Matartæknar.

Um matartækna fer skv. reglugerð nr. 242/1981. Rétt til að starfa sem matartæknir hér á landi og kalla sig matartækni hefur sá einn sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðismálaráðherra. Til þess að fá slíka löggildingu þarf viðkomandi að hafa lokið prófi frá matvælatæknibraut fjölbrautaskóla eða öðru prófi sem heilbrigðisyfirvöld viðurkenna. Hlutverk matartækna er að annast matreiðslu sérfræðis fyrir sjúka samkvæmt nánari skipun læknis eða annars sérfræðings undir handleiðslu og á ábyrgð þeirra. Reglugerð um matartækna er sett með stöð í lögum nr. 64/1971, um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir.

17. Lyfjatæknar.

Um lyfjatækna fer skv. reglugerð nr. 199/1983, um starfsréttindi og starfssvið lyfjatækna. Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 15. gr. laga um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, og lögum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, nr. 64/1971. Til þess að mega kalla sig lyfjatækni og starfa sem slíkur þarf leyfi heilbrigðismálaráðherra. Til þess að geta fengið slíkt leyfi þarf viðkomandi að hafa lokið prófi frá Lyfjatæknaskóla Íslands eða hliðstæðu prófi sem metið er gilt að mati skólastjórnar Lyfjatæknaskóla Íslands. Starfssvið lyfjatækna eru störf við lyfjaafgreiðslu og lyfjagerð undir handleiðslu og á ábyrgð sérfræðings. Vert er að vekja athygli á að heimilt er þó að veita lyfjatækni takmarkaðan og staðbundinn afgreiðslurétt úr lyfjaforða, sbr. 24. gr. laga um lyfjadreifingu, nr. 76/1982.

18. Heilbrigðisfulltrúar.

Um heilbrigðisfulltrúa gildir reglugerð nr. 150/1983, um menntun, réttindi og skyldur heilbrigðisfulltrúa, sbr. og breyting nr. 765/1983. Þessi reglugerð er sett með stöð í 26. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Til þess að mega kalla sig heilbrigðisfulltrúa og starfa sem slíkur hér á landi þarf leyfi heilbrigðismálaráðherra. Leyfið er bundið þeim skilyrðum að viðkomandi hafi menntun á sviði heilbrigðiseftirlits sem heilbrigðismálaráðuneytið metur gilda. Áður en leyfið er veitt skal leita álits Hollustuverndar ríkisins um hæfni umsækjanda. Menntun heilbrigðisfulltrúa skal vera:

- a. háskólapróf í heilbrigðiseftirliti;
- b. háskólapróf í skyldum greinum, auk sérnáms eða starfsreynslu; starfsreynsla skal vera 12 mánuðir;
- c. önnur sambærileg menntun. Hlutverk heilbrigðisfulltrúa er að starfa að heilbrigðiseftirliti í umboði heilbrigðisnefndar skv. ákvæðum laga og reglna sem nefndunum hefur verið falið að annast framkvæmd á.

Þær stéttir, sem hér hafa verið taldar upp, heyra allar undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Tvær aðrar stéttir, sem teljast til heilbrigðisstétta og búa við löggildingu, eru starfandi, annars vegar sálfræðingar sem heyra undir menntamálaráðuneytið og hins vegar dýralæknar sem heyra undir landbúnaðarráðuneytið. Allar þessar starfsstéttir falla

undir það að vera háðar reglulegu eftirliti landlæknis í samræmi við lög nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

Sú leið hefur verið valin þegar veitt eru starfsréttindi til heilbrigðisstétta að í þeim tilvikum, þar sem hægt er að ljúka námi hér á landi, er ekki gerð krafa um íslenskt ríkisfang. Í þeim tilvikum, þar sem nám verður ekki stundað hér á landi, er hins vegar gerð krafa um íslenskt ríkisfang og helgast þessi regla af því að annars gætu útlendingar komið hér til starfa og það á kostnað Íslendinga sem hugsanlega væru í námi án þess að nokkur afskipti væru af því höfð nema hvað snertir atvinnuleyfi.

Enn fremur hefur verið fylgt þeirri meginreglu þegar ný lög eru sett um heilbrigðisstéttir að í þeim er kveðið á um það að þeir sem starfa fyrir gildistöku laganna og hafa ekki tilskilda menntun skuli eiga kost á réttindum annaðhvort skilyrtum eða óskilyrtum og er þá oft tiltekinn sá tími sem viðkomandi þarf að hafa starfað fyrir gildistöku laganna eða reglugerða sem settar eru með stoð í lögum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir.

Hvað snertir afskipti skóla heilbrigðisstétta og hinna einstöku heilbrigðisstétta af starfsveitingum hefur verið fylgt þeirri meginreglu að viðkomandi aðilar hafi umsagnarrétt um leyfisveitingar, þ. e. a. s. í þeim tilvikum sem ekki er um að ræða nám frá viðurkenndum skóla hér á landi. Undantekning frá þessari reglu er starfsleyfi til lækna sem háð er meðmælum læknaeildar Háskóla Íslands og landlæknis. Ef um er að ræða nám stundað erlendis getur verið um hvoru tveggja að ræða, þ. e. a. s. umsagnarrétt eða matsrétt þannig að ráðherra er háður mati viðkomandi aðila.

Eitt mesta vandamálið, sem heilbrigðisfyrvöld standa frammi fyrir nú varðandi löggildingu heilbrigðisstétta, er hversu skammt lög nr. 64/1971, um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, ná. Í þeim er eingöngu fjallað um tæknimenntað aðstoðarfólk við lækningar en erfitt hefur reynst að fá endanlega túlkun á orðinu tæknimenntaður og skal þar bent á sem dæmi reglugerð nr. 242/1981, um matartækna, en skiptar skoðanir voru um það hvort hægt væri að fella störf þeirra undir hugtakið tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir.

Rétt er að vekja athygli á því að á vegum ráðuneytisins var á s. 1. hausti lagt fram nýtt frumvarp til laga um tannlækningar og unnið er að gerð nýrra læknalaga í framhaldi af tillögu stjórnskipaðrar nefndar sem skilaði tillögum sínum haustið 1982. Ekki er með frumvarpi þessu ætlunin að breyta þeim lögum sem þegar hafa verið sett né hrófla á einn eða annan hátt við starfsheitum og starfsréttindum þeirra heilbrigðisstétta sem eru starfandi nú. Einungis er ætlunin að búa svo um hnútana að ekki þurfi að koma til sér löggjafar um hverja stétt sem leitar eftir slíku hér eftir enda slíkt aðeins til að æra óstöðugan.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í þessari grein er fjallað um til hverra atriða lögin taki, þ. e. a. s. til starfsheita og starfsréttinda þeirra heilbrigðisstétta sem sérlög gilda ekki um. Á þennan hátt er ekki ætlunin að hrófla við þeim sérlögum sem þegar hafa verið sett, þ. e. a. s. starfsheitum, starfsréttindum og starfsskyldum þeirra hópa. Það er heilbrigðismálaráðherra að taka ákvörðun um það hverju sinni hvaða hópar falli undir lögin, sbr. nánar athugasemdir við 2. gr.

Í þeim tilvikum, þar sem um er að ræða heilbrigðisstétt sem notið hefur lögverndun og lokið viðurkenndu námi tæknimenntaðs starfsfólks við lækningar, er ætlunin að þær haldi áfram að heita heilbrigðistæknar eins og gert er ráð fyrir í lögum nr. 64/1971, um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, en í 8. gr. er lagt til að þau lög verði úr gildi numin enda þjónar engum tilgangi að hafa tvenn rammalög á þessu sviði. Með þessu ákvæði á að vera tryggt að þær stéttir, sem falla undir lög nr. 64/1971, um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, haldi að fullu réttindum sínum.

Um 2. gr.

Um þessa grein er það að segja að gert er ráð fyrir því að eigi geti verið um heilbrigðisstétt að ræða nema hún hafi lokið prófi í einhverri grein heilbrigðisfræði. Það er heilbrigðismálaráðherra að ákveða hvaða stéttir skuli teljast til heilbrigðisstétta skv. þessum lögum. Í slíkum tilvikum skal ráðherra setja reglur með nánari ákvæðum um nám og menntunarskilyrði fyrir hverja stétt sem hann ákveður að fella undir þessi lög að fengnum tillögum viðkomandi starfsstétta og umsögn landlæknis. Í reynd færi þetta þannig fram að viðkomandi stéttarfélag sækti um það til ráðherra að fá að teljast til heilbrigðisstétta og legði jafnframt fram drög að reglum um nám og menntunarskilyrði. Þannig kæmu tillögurnar í öllum tilvikum frá viðkomandi starfsstétt og ráðherra sendi tillögurnar til umsagnar landlæknis. Þannig ætti að vera tryggt að sem best sé á málum tekið.

Í 3. málsg. 2. gr. er sett inn ákvæði til þess tryggja það að þeir sem eru í starfi án þess að hafa tilskilda starfsmenntun geti fengið réttindi að fenginni umsögn viðkomandi starfsstétta og landlæknis án þess að beitt sé kröfum um menntun. Enn fremur er sleginn sá varnagli að ráðherra sé heimilt að veita tímabundin réttindi og gera kröfur um íslenskt ríkisfang sé um að ræða menntun sóttá til annarra landa. Eins og kom fram í greinargerð hér á undan hefur þessari reglu verið beitt í slíkum tilvikum, m. a. að tryggja það að útlendingar geti ekki komið hér og lagt undir sig ákveðnar starfsstéttir.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 4. gr.

Hér er fjallað um þau störf sem heilbrigðisstéttir annast. Samkvæmt greininni starfa heilbrigðisstéttir við heilbrigðisstofnanir eða við kennslustofnanir heilbrigðisstétta og við matvælastofnanir. Í þessu tilviki skal vakin athygli á að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fer með yfirstjórn matvælamálefna hér á landi með hliðsjón af hollustu matvæla, notkun eitrefna og hættulegra efna í matvælum og geislavirkra efna. Það eru fyrst og fremst aðilar sem starfa að þessum þáttum matvælagerðar sem falla undir hugtakið heilbrigðisstétt.

Gert er ráð fyrir því að heilbrigðisstéttir geti starfað annaðhvort undir handleiðslu eða á ábyrgð læknis eða annars sérfræðings á viðkomandi sviði eða sjálfstætt, þ. e. a. s. á eigin ábyrgð. Þetta fer eftir því um hvers konar störf er að ræða og við hvers konar stofnanir þau eru unnin.

Um 5. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringar en hún er í samræmi við þær greinar sem settar hafa verið í lögum um heilbrigðisstéttir til þessa.

Um 6. gr.

Allar heilbrigðisstéttir, sem kveðið er á um í lögum, falla undir ákvæði læknalaga nr. 80 1969, með síðari breytingum, að svo miklu leyti sem ekki er kveðið á um annað. Í þessu tilviki er um að ræða þagnarskyldu, ákvæði um sviptingu starfsréttinda, endurveitingu, ákvæði og viðurlög vegna brota í störfum.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.

Um 7. gr.

Hér er ákvæði um það að heimilt sé að setja í reglugerð ákvæði um frekari framkvæmd laganna. Hér er ekki átt við reglugerðir um einstakar starfsstéttir, sbr. 2. gr., heldur eina reglugerð um nánari útlistun á framkvæmd laganna gerist þess þörf.

Um 8. gr.

Gert er ráð fyrir því að lög nr. 64/1971, um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, með síðari breytingum, falli niður að undanskildum ákvæðum um tannsmíði í lögnum nr. 39 1980 en í þeim lögum er kveðið á um það að tannsmíðir teljist ekki til heilbrigðisstétta enda falla þeir undir iðnstéttir og lúta yfirstjórn menntamálaráðuneytisins. Á sínum tíma voru um þetta nokkrar deilur og var tekið af skarið með þessari breytingu 1980.